

# AKRYL 04

**AKRÝL 04** er einþátta, plastískt/fjaðrandi þéttiefni, gert úr pólýakrýli.

**Litur:**  
Hvítt.



AKRÝL er notað í fúgur með litlum hreyfingum og til viðgerða undir málningu.

**Umbúðastærð:**  
Túpur 310 ml.

**Áferð:**  
Mött.

**Undirbúningur:**

Fúgan skal vera U-laga. Fúguhliðarnar skulu vera þurrar og lausar við olíu, feiti, ryð og önnur óhreinindi. Fúguband, um 20% gildara en viðkomandi fúgubreidd, skal nota í stærri fúgur. Ekki skal nota **AKRÝL 04** á mjög gljúpt og veikt yfirborð. Slíkt yfirborð skal fyrst grunna með blöndu, (1:1) af **AKRÝLI 04** og vatni.

**Fúgun:**

**AKRÝLI 04** er sprautað í fúguna með jafnri hreyfingu. Strax á eftir er þéttiefninu þrýst út að fúguveggjunum og yfirborðið jafnað með fúgupinna vættum í vatni.

**Yfirmálun:**

**AKRÝL 04** má yfirmála með flestum málningartegundum, 12 klst. eftir fúgun.

**Hreinsun áhalda:**

Óharðnað **AKRÝL 04** má fjarlægja með vatni en harðnað AKRÝL 04 verður að skafa í burtu.

**Eðlismassi:**

1,55 g/ml (25°C).

**Hitastig við notkun:**

Minnst 5°C.

**Húðmyndun:**

Á um 30 mín. við 23°C og 50% hlutfallslegt rakastig.

**Hitapól:**

-20 til +75°C.

**Hámarkshreyfing fúgu:**

Um 10% af upprunalegri breidd fúgu.

**Geymsluþol:**

Um 12 mánn. í óopnuðum umbúðum, sem geymdar eru á þurrum stað við +5 til 25°C.

